

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 363. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 10. nóvember 2022 og hefst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Heilsueflandi samfélag og Barnvænt samfélag. Kristfríður Rós Stefánsdóttir, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi mætir á fundinn til að kynna verkefni.
- 2) Fundargerð 335. fundar bæjarráðs, dags. 20. október 2022.
- 3) Fundargerð 164. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 8. nóvember 2022.
- 4) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 15. september 2022.
- 5) Fundargerð rekstrarnefndar Rastar, dags. 23. september 2022.
- 6) Fundargerð menningarnefndar, dags. 18. október 2022.
- 7) Fundargerð atvinnuveganefndar, dags. 12. október 2022.
- 8) Fundargerð öldungaráðs, dags. 18. október 2022.
- 9) Fundargerð rekstrarnefndar Klifs, dags. 17. október 2022.
- 10) Fundargerðir 2., 3. og 4. fundar velferðarnefndar, dags. 30. ágúst, 6. október og 20. október 2022.
- 11) Fundargerð 6. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 4. október 2022.
- 12) Fundargerð 7. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 1. nóvember 2022.
- 13) Fundargerð 178. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 20. október 2022.
- 14) Fundargerð 205. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 16. ágúst 2022.
- 15) Fundargerð 206. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 23. ágúst 2022.
- 16) Fundargerð 207. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 20. september 2022.
- 17) Fundargerð 446. fundar Hafnasambands Íslands, dags. 26. október 2022.
- 18) Fundargerð 913. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. september 2022.
- 19) Fundargerð 914. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. október 2022.
- 20) Aðalfundarboð Landssamtaka landeiganda á Íslandi, dags. 4. nóvember 2022.
- 21) Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2021.
- 22) Bréf frá velferðarnefnd, dags. 25. október 2022, varðandi reglur vegna útleigu á íbúðum Snæfellsbæjar.
- 23) Erindisbréf öldungaráðs Snæfellsbæjar – endurskoðað að beiðni öldungaráðs.
- 24) Bréf frá Kára Viðarssyni, dags. 23. október 2022, varðandi vegglistaverkin á Hellissandi.
- 25) Bréf frá Vagni Ingólfssyni og Laufeyju Helgu Árnadóttur, dags. 27. október 2022, varðandi húsin við Ólafsbraut 23-25.
- 26) Bréf frá Veronicu Osterhammer, dags. 4. nóvember 2022, varðandi kórastarf í Snæfellsbæ og tónleikahald á adventunni.
- 27) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 1. nóvember 2022, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Summit Adventure Guides um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki IV, íbúðir, á Gufuskálum, Snæfellsbæ.
- 28) Bréf frá Terra, dags. 26. október 2022, varðandi uppsögn á sorphirðusamningi.
- 29) Bréf frá Kvennaathvarfinu, dags. 6. október 2022, varðandi ósk um rekstrarstyrk.
- 30) Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 1. nóvember 2022, varðandi ósk um tilnefningu í vatnasvæðanefnd.
- 31) Bréf frá J-listanum, dags. 8. nóvember 2022, varðandi ástand húsanna við Ólafsbraut 23-25.
- 32) Bréf frá J-listanum, dags. 8. nóvember 2022, varðandi nýtingu húsanna við Ólafsbraut 23-25.
- 33) Bréf frá J-listanum, dags. 8. nóvember 2022, varðandi húsnæði í eigu Snæfellsbæjar.
- 34) Bréf frá EBÍ, dags. 18. október 2022, varðandi ágóðahlutagreiðslu 2022.
- 35) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. október 2022, varðandi Hafnasambandsþing 2022.
- 36) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 7. nóvember 2022, varðandi Evrópsku nýtnivíkuna.
- 37) Bréf frá Bygðastofnun, dags. 2. nóvember 2022, varðandi aðlögunaraðgerðir vegna áhrifa loftslagsbreytinga.
- 38) Bréf frá Stjórnarráði Íslands, ódags., varðandi kynningu á skýrslu um stöðu og áskoranir þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða.
- 39) Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2023. Fyrri umræða.
- 40) Minnisþingfundur bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 30. september 2022
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

335. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 20. október 2022 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:


Júniana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:


- 1) **Bréf frá oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps, dags. 22. september 2022, varðandi sameiningarkosti.**
Bæjarráð telur ekki rétt að fara í heildarsameiningu allra sveitarfélaganna á Snæfellsnesi eins og staðan er í dag. Stykkishólmur og Helgafellssveit sameinuðust á þessu ári, og því er eðlilegt að gefa þeirri sameiningu svigrúm til að ganga eftir. Hins vegar teljum við að afstaða Snæfellsbæjar hafi ekki breyst hvað varðar sameiningu Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps, enda hafi íbúar Snæfellsbæjar samþykkt sameininguna þegar gengið var til kosninga í febrúar s.l.
- 2) **Bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 10. október 2022, varðandi fyrirspurn um áform um endurskoðun aðalskipulags og gerð eða endurskoðun svæðisskipulags.**
Gildandi aðalskipulag Snæfellsbæjar er tiltölulega nýtt, en vinnu við það lauk árið 2018. Bæjarráð sér því ekki þörf á því að fara í gerð nýs aðalskipulags.
- 3) **Umsókn frá Damian Pretko að fá að halda köttinn Luna.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 4) **Umsókn frá Marek Imgront að frá að halda hundinn Karmel.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 5) **Bréf frá leikskólastjóra, dags. 13. október, varðandi ósk um aukastöðugildi við leikskólann Kriuból á Hellissandi.**
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og samþykkti samhljóða að vísa erindinu til fjárhagsáætlunar 2023. Jafnframt samþykkti bæjarráð að fá leikskólastjóra til að koma með frekari greinargerð um fjölda barna, fjölda stöðugilda og þörfina fyrir aukningu á stöðugildum.
- 6) **Bréf frá bæjarritara, dags. 1. október 2022, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna barnaverndar.**
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða og verður aukafjárveitingin tekin af lið 27110, Ófyrirséð.
- 7) **Bréf frá bæjarritara, dags. 1. október 2022, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna persónuverndar.**
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða og verður aukafjárveitingin tekin af lið 27110, Ófyrirséð.
- 8) **Bréf frá bæjarritara, dags. 1. október 2022, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna jafnlaunavottunar.**
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða og verður aukafjárveitingin tekin af lið 27110, Ófyrirséð.
- 9) **Bréf frá bæjarritara, dags. 1. október 2022, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna ráðningu íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.**
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða og verður aukafjárveitingin tekin af lið 27110, Ófyrirséð.
- 10) **Minnispunktur bæjarstjóra**
 - a) Bæjarstjóri sagði frá því að dómur féll í máli Móabyggðar gegn Snæfellsbæ í Landsrétti og féll dómurinn Snæfellsbæ í vil.
 - b) Bæjarstjóri ræddi sorpmál.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:43


Jónína Björg Ottarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarsjóri


Friða Sveinsdóttir


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - BN. 164BN. 164. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 8. nóvember 2022 og hófst hann kl. 09:30.

Fundinn sátu:

Haldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hildigunnur Haraldsdóttir, Birgir Tryggvason og Karitas Hrafn Elvarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Karitas Hrafn Elvarsdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Dritvíkurvegur og Djúpalónssandur aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag - 2209001

Tekin er fyrir tillaga af breytingu aðalskipulags þar sem AF-U-7 afþreyingar og ferðamannasvæði sem Umhverfisstofnun vaktar er breytt og svæðið er stækkað. Einnig eru ný mörk þjóðgarðs uppfærð.

Deiliskipulagstillaga sýnir breytt fyrirkomulag bílastæða og þjónustuhúss, en jafnframt verður svæði fyrir rútur í námu ofan Útnesvegur. Umhverfismatsskýrsla beggja skipulagsstiga er í greinargerð með deiliskipulagi.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir að beina aðalskipulags breytingu og deiliskipulagi í lögboðið ferli.

Samþykkt

2. ASK_Breyting aðalskipulags í Krossavík - 2203012

Lögð er fram tillaga af breytingu aðalskipulags og nýs deiliskipulags fyrir Krossavíkurböð. Vegna framkominna umsagna og athugasemda vegna lýsingar eru mannvirki færð fjær sjó en gert var ráð fyrir í lýsingu.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir að beina breytingu aðalskipulags og nýju deiliskipulagi í lögboðið ferli.

Samþykkt

3. Umsókn um byggingarleyfi - Gilbakki 12 - 2211002

Smári Björnsson sækir um byggingarleyfi fyrir 143fm einbýlishúsi að Gilbakka 12 samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um endanleg gögn til byggingarleyfis.

Samþykkt

Mh
BT
1
22.9

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

4. Umsókn um byggingarleyfi - Gilbakki 10 - 2211001

Sverrir Hermannsson sækir um byggingarleyfi fyrir 143fm einbýlishúsi að Gilbakka 10 samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um endanleg gögn til byggingarleyfis.

Samþykkt

5. Umsókn um byggingarleyfi - 2211003

Hlynur Hafsteinsson óskar eftir að gera minniháttar breytingar á húsi samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Nefndin samþykkir erindið þar sem um minniháttar breytingu er að ræða.

Samþykkt

6. Grundarbraut 14 - Framkvæmdarleyfi - 2210002

Sigurður Reynir Helgason óskar eftir minni háttar breytingum á húsi samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að endanlegum gögnum verði skilað inn og samþykki eiganda Grundarbrautar 16.

Samþykkt

7. Geymslusvæði í grjótnámu við Rif - 2011004

Breytt skipulag á svæði fyrir gáma.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir að fela starfsmönnum tæknideildar að fara með málið áfram með bæjarstjóra og hafnarsstjóra. Nefndin telur nauðsynlegt að einfalda reglur í samráði við lögfræðing bæjarins.

Samþykkt

8. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2022 - 2201001

Selhóll 1 - umsókn um lóð.

Smiðjugata 2 og 4 - umsókn um lóðir.

Viðbygging Háarif 83 - fyrirspurn vegna framkvæmda.

Stafræn þjónustugátt tæknideildar - kynning á rafrænum umsóknum ofl.

Framtíð matarvagna á Arnarstapa

Selhóll 1 - umsókn um lóð. - Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir lóðarúthlutun til Peter Lang.

Smiðjugata 2 og 4 - umsókn um lóðir. - Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir lóðarúthlutun til Hjálmars Kristjánssonar.

Viðbygging Háarif 83 - fyrirspurn vegna framkvæmda. - Umhverfis og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að Hildigunnur Haraldsdóttir vinni tillögu að breytingu á húsínu.

Handwritten notes and signatures in blue ink at the bottom right of the page. The notes include "Hde", "BT", and "ME". There is also a signature that appears to be "BT" with a small "2" above it.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Stafræn þjónustugátt tæknideildar - kynning á rafrænum umsóknum ofl. - Umhverfis og skipulagsnefnd hvetur til að tekin verði upp stafræn þjónustugátt.

Framtíð matarvagna á Arnarstapa. - Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir að lóðirnar að Fellaslóð 4,5 og 6 verði felldar út sem úthlutunarlóðir fyrir stöðuleysi.

Gylfi Karlsson - Norðurtangi 9 - Umhverfis og skipulagsnefnd ræddi málið út frá nýtingarhlutfalli og heildarnýtingu lóðar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:22.

Krishana Hermann
Björg Tr.
Magni Guð
Halldór Helgason
~~Arnar~~

Fundur 15.09.2022

Fundinn sátu: Sigrún Erla, Margrét Sif, Dagbjört Dúna, Patrik og Jón.

Fundur settur kl. 18:00

Dagskrá áður en stjórnendur komu á fundinn: Margrét Sif sem bauð sig fram sem ritari fræðslunefndarinnar og var það samþykkt.

Dagskrá fundarins: Stjórnendur skólastofnanna komu með erindi hver í sínu lagi.

1. Leikskólinn: Hermína og Linda sögðu frá starfinu og hvað leikskólinn er að gera.

- Inntaka gengur vel og það er fjölgun miða við síðustu ár.
- Leikskólinn vel mannaður
- Nýtt hjá þeim er málstefnuteymi þar sem lögð er áhersla á erlendu foreldrana og er þetta samvinna milli heimilis og skóla til að efla orðaforða tvítengdra barna.
- Samstarf milli leikskólans og heilsugæslunnar að skoðanir fari fram í leikskólanum þannig þau séu í sínu umhverfi.
- Leggja á fyrir TRAS málþroska skimun fyrir börn.
- Enginn er með réttindi á leikskólanum á Lýsuhól til að taka skimanir og því var rætt hvort að einhver úr leikskólunum norðan heiða gæti farið yfir og tekið þessari skimanir.
- Starfsmenn búnir að fara á skyndihjálparnámskeið.
- Leikskólinn tók þátt í barnamenningarhátíðinni.
- Þátttaka þeirra í heilusvikunni
- Nýliðanámskeið fer fram í október
- Stytting vinnuvikunar er frekar flókin hjá þeim og erfitt að útfæra það.
- Umræða um gúmmímotturnar á leikvellinum, þær eyðileggja föt barnanna, stjórnendur og foreldrar vilja láta fjarlægja þær og komu með hugmynd um gervigras í staðinn.
- Farið var yfir framkvæmdir á húsnæðum.

2. Grunnskólinn: Lilja Stefáns og Kristín Helga sögðu frá því sem grunnskólinn væri að gera.

- Fjöldi nemenda, 211 samtals, 90 nemendur 1-5. Bekk á Hellissandi og 101 nemandur 6-10. Bekk í Ólafsvík. 20 á Lýsuhól auk 5 leikskólabörn á Lýsukoti.
- 5. Bekkur er á Hellissandi og það var mikið flækjustig og erfitt að gera stundatöflurnar.
- Fækkað var um einn í stjórnendarteymi skólans
- Leiklist kom í staðinn fyrir tónmennt í 6 og 7. Bekk í Ólafsvík.
- Skóladagatalið: starfsdagar í apríl 19-21. Hafa verið færðir þangað til í júní og flýta þarf skólaslitunum um einn dag og veður hann því 2. Júní núna.
- Íþróttirnar eru flóknar því einungis einn menntaður kennari og hún er eina sem getur kennt sundið.
- Áherslur: Olweus, málstefnan áttahagafræðin og læsis fimman.
- Smá breytingar urðu á skólareglunum.
- Lesfimiþróf: Niðurstaðan í maí 5. Og 7. Bekkur skólans undir landsmeðaltali annars yfir meðaltali í öðrum bekkjum.
- Ekki góð þátttaka í sumarlestrinum.

3. Tónlistarskólinn: Valentína komst ekki og sendi hún okkur bréf.

Innritun fyrir haustönn 2022 var í ágúst.

Það eru 74 nemendur núna í Tónlistarskóla Snæfellsbæjar og 4 kennarar.

Vegna Barnamenningarhátíðar í Snæfellsbær í September 2022 nemendur og kennarar tónlistarskóla Snæfellsbæjar ætla að taka þátt:

8.september(fim.)-Heimsókn leikskóla *Kríuból* í tónlistarskóla Snæfellsbæjar á Hellissandi kl.10:30.

9.september(fös.)-Heimsókn leikskóla *Krílakot* í tónlistarskóla Snæfellsbæjar í Ólafsvík kl.10:30.

13.september(þri.)-nemendur og kennarar tónlistarskóla Snæfellsbæjar með tónleika á dvalaheimilinu *Jaðar* kl.15:00.

14.september(mið.)- nemendur og kennarar tónlistarskóla Snæfellsbæjar með tónleika á *Klifi* fyrir eldri borgarar kl.15:00.

14.september(mið.)- nemendur tónlistarskóla Snæfellsbæjar verða með tónlistaratriði í *Ólafsvíkirkirkju* í messuni kl.20:00.

21.september(mið.)-- nemendur tónlistarskóla Snæfellsbæjar verða með tónlistaratriði á *Ingjaldshólskirkju* í messuni kl.18:00.

28..september(mið.)-tónleikar tónlistarskóla Snæfellsbæjar í *Lýsuhólsskóla* kl.13:00

Tónfundur verður í október og jólatónleikar verða þann 5.des., 12.des. í Klfi og 15.des. í Lýsuhólsskóla.

Fundi slitið 19:55

Félagsheimilið Röst - nefndarfundur

1. fundur

23. September 2022 í hjá formanni nefndar Kristgeiri Kristinssyni frá kl. 16:00 - 17:00.

Mætt: Kristgeir Kristinsson, Guðrún Halla Elíasdóttir og Karen Olsen

1. Umræður Almenn umræða um félagsheimilið Röstina og ástand þess, fjárhagsstöðu og framtíðarsýn. Ákveðið að halda aftur fund fljótlega, litið gert sökum Covid síðasta kjörtímabil.
2. Teikningar
Finna teikningar af húsinu í núverandi mynd og kalla eftir þeim breytingatillögum sem hafa verið teiknaðar upp. Ákveðið að ræða við tæknideild Snæfellsbæjar og finna hvort það hafi þegar verið teiknað upp og hvort þær teikningar séu til, vegna stækkunar anddyris á Röstinni sem snýr til vesturs.
3. Ákveðið að tala við sérfræðing eða einhvern sem vel þekki til, (Ómar Lúðvíksson) og meindýraeyðir til að finna leiðir til að koma í veg fyrir sífelldan músagang í Röstinni.
4. Eftir það að að byggja frá grunni, og næsti fundur verður haldinn í Röst, og þar ætlum við að skoða vel húsnæðið og eldhúsið, helst í samráði/með húsverði til að fá ábendingar um hvaða áheyrslur við ætlum að leggja á.

Fundi slitið kl. 17:05

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

Þriðjudagur 18. október kl 14:00. Röstin, Hellissandi.

Fundinn sitja: Jóhannes Stefánsson, Hafdís Rán Brynjarsdóttir, Helga Jóhannsdóttir og
Ingunn Ýr Angantýsdóttir

Fundagerð ritar: Helga Jóhannsdóttir

1. Jólادagskráin í Snæfellsbæ

- a. Viðburðir ræddir og ákveðið að hafa samband við fyrirtæki í bæjarfélaginu vegna jólakvöldstundar. Dagsetningar ákveðnar fyrir helstu viðburði.
- b. Hafa samband við Heimi varðandi auglýsingar fyrir jólatónleika og aðra viðburði.

14:50 – Fundi slitið.

Atvinnuveganefnd Snæfellsbæjar.

Fundur þ. 12.10.22 á Veitingahúsinu SKER í Ólafsvík.

Mættir nefndarmenn:

Eiríkur Böðvar Rúnarsson, Lilja Hrund Jóhannsdóttir, Patryk Zolobow,
Sigurbjörg Jóhannesdóttir og Tinna Ýr Gunnarsdóttir.

Fundur er settur kl. 17:00.

Dagskrá fundarins:

- 1) Kosning á formanni, varaformanni og ritara.

*Til formans var kosinn Eiríkur Böðvar Rúnarsson, samþykkt samhljóða
Til varaformanns var kosin Tinna Ýr Gunnarsdóttir, samþykkt samhljóða
Til ritara var kosin Sigurbjörg Jóhannesdóttir, samþykkt samhljóða*

- 2) Hlutverk nefndarinnar, umræður.

*Við yfirllestur erindisbréfsins kom í ljós að það er komið til ára sinna og þyrfti að
yfirfara. Heimir Berg er í starfi markaðsstjóra Snæfellsbæjar og einhver af hlutverkum
nefndarinnar falla nú undir hans starfssvið.*

- 3) Staða atvinnumála í Snæfellsbæ, umræður.

*Vöntun á fólki í Snæfellsbæ. Það vantar fólk til vinnu hjá hinu opinbera og hjá
einkaaðilum. Grunnþjónusta í sveitarfélaginu þarf að vera í lagi svo að fólk vilji sækja
hingað.*

*Hvernig getum við fengið nýtt fólk ef það er ekki pláss fyrir börn á leikskólum
Snæfellsbæjar, er það eitthvað sem þarf að fara í áður en hægt að auglýsa
sveitarfélagið.*

Læknaleysi í Snæfellsbæ er ekki boðlegt. Eitthvað þarf að gera í málunum.

*Hluti af ferðapjónustu á svæðinu er lausn á salernisaðstöðu bæði á Arnarstapa og
öðrum áningarstöðum. Heilsársaðgangur að salerni er mikilvægur nú þegar
ferðamenn eru á ferðinni allt árið.*

4) Önnur mál.

Auglýsa mætti bæjarfélagið betur svo að meira af fólki sæki hingað. Auka má auglýsingar frá sveitarfélaginu í sjónvarpi, samfélagsmiðlum og öðrum fjölmiðlum.

Fundi var slitið kl. 18:10

Undirskriftir fundarmanna:

Eiríkur Böðvar Rúnarsson:

Lilja Hrund Jóhannsdóttir:

Patryk Zolobow:

Sigurbjörg Jóhannesdóttir:

Tinna Ýr Gunnarsdóttir.:

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundargerð 13. fundar sem haldin var í Ráðhúsi Snæfellsbæjar þriðjudaginn 18. október 2022 kl 14,00

Mættir voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Ragnheiður Víglundsdóttir, Jón Gumundsson í forföllum Margrétar Vigfúsdóttur og Pétur Steinar Jóhannsson sem ritaði fundargerð.

Mál no 1: Fyrirspurn til bæjarstjórnar um fasteignagjöld næsta árs þe 2023.

Á fundinn komu að ósk Öldungaráðs Kristinn Jónasson bæjarstjóri og Lilja Ólafardóttir bæjarritari. Sýndu þau samanburð á útreikningum fasteignagjalda eldri borgara miðað við bæjarfélög tiltekna staða á landinu. Miðað við það þá var „kúrfan“ hagstæð eldri borgurum í Snæfellsbæ. Þá voru þau spurð um fleiri atriði ma um raðhúsin tvö á Hellissandi sem eru í byggingu. Bæjarstjóri og bæjarritari véku svo að fundi og þeim þökkud koman á fundinn.

Mál no 2: Ræða tilögu að breyttu erindisbréfi.

Ólafur formaður fór yfir nokkur atriði í erindisbréfinu og kom með tillögu að því breyttu og var hún samykkt. Tillögunni vísað til bæjarstjórnar. Ólafur sagði frá því að hann hafi rætt við Helga Pétursson formann Landssamband eldri borgara um hlutverk öldungaráða. Það kom fram hjá Helga að ætlunin væri að kalla saman formenn nefndanna á öllu landinu og fara betur yfir hlutverk þeirra.

Mál no 3: Tillaga um heilsueflingu eldri borgara.

Ólafur formaður skýrði frá því að hann hafi rætt við Kristfríði Stefánsdóttur íþróttta og æskulýðsfultrúa SNB hvort hægt væri að fá litla salinn í íþróttahúsinu við Engihlíð til afnota til styrktaræfinga fyrir eldri borgara. Nokkrar umræður urðu um málaflokkinn meðal fundarmanna. Ólafur ætlar að ræða um nánari útfærslu við Kristfríði og verður það kynnt síðar.

Mál no 4: Tillaga frá Ólafi formani um námskeið í tölvulæsi fyrir eldri borgara.

Rætt var um af fá yngra fólk til að auka tölvulæsi eldri borgara og fá þau til að koma á vikulegan hitting í Kífi og fara yfir tölvumál og auka þekkingu á bæði gsm símum og tölvum.

Mál no 5: Bankamál námskeið frá Landsbankanum. Ólafur formaður skýrði frá því að hann hafi rætt við Þórhöllu Baldursdóttur bankastjóra Landsbanka í Ólafsvík um að fá starfsmann/konu bankans og kynna ýmislegt sem varðar samskipti við peningastofnanir ss heimabanka og fleira. Þórhalla tók vel í þessa beiðni og verður málið kynnt síðar.

Mál no 6: Ræða fundardaga í framtíðinni. Málið rætt síðar er bæjarstjórn hefur tekið fyrir breytingar á erindisbréfinu. Sjá lið 2

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15,00

Pétur Steinar Jóhannsson

1. fundur Rekstrarnefndar Klifs haldinn í Klifi
mánudaginn 17. október 2022 kl. 13:00

Á fundinn mættu:

Baldvin Leifur Ívarsson, Guðrún Þórðardóttir, Jenný Guðmundsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir.

1. Erindisbréf.

Formaður afhenti nefndarmönnum erindisbréf nefndarinnar og fór lauslega yfir hvert hlutverk hennar væri.

2. Brýn verkefni.

Mikil umræða var um hvað þyrfti að fara inn á fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og ákvað nefndin ásamt umsjónarmanni að þetta væri það sem væri efst á óskalistanum

- Laga lýsingu í sal, setja led perur í öll ljós
- Klára að laga „Bláasalinn“ svo að hægt sé að auka útleigu á honum.
 - Laga hurð og glugga
 - Fá nýja innréttingu
 - Bæta við stólum
- Laga aðkomu að inngangi að framan og í „Bláasalnum“

3. Að lokum var tekin skoðunarferð um Klif inni og úti.

Fleira ekki gert fundi slitið 14:15

Sigrún Ólafsdóttir

Velferðarnefnd Snæfellsbæjar

2. fundur

30. ágúst 2022

Mættir eru: Gunnhildur K. Hafsteinsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Kristgeir Kristinsson, Stefán Smári Kristófersson og Viktoría Sif Viðarsdóttir.

Jafnréttisáætlun SNB

Ákveðið að skoða áætlun fyrir næsta fund og vera tilbúin með athugasemdir ef einhverjar eru.

Málþing: lífsgæði fatlaðra

Gunnhildur hefur ýtt á eftir byrjun þess hóps við yfirmann félagsþjónustu.

Málþing: Farsæld í þágu barna

Gunnhildur og Viktoría munu sitja þingið.

Reykjadalur?

Gunnhildur og Jón Haukur hittu forstöðumann varðandi fjölskyldufri fatlaðra barna. Árið 2022 verður aðstaða í Stykkishólmi og óskað var eftir tengilið.

Aðgengi fatlaðra

Rætt um verk “römpum upp ísland” og þörf á römpum í Snæfellsbæ.

Sumarstarf grunnskólabarna

Lítill fjölbreytni af afþreyingu fyrir börn í Snæfellsbæ. Rætt að senda inn erindi til íþrótt- og æskulýðsfélag að skora á að gert sé ráð fyrir sumarafþreyingu í fjárhagsáætlun. Meiri fjölbreytileika, fleiri vikur og fjármagn.

Erindi skrifað til íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.

Félagsstarf fullorðinna

Vinakaffi. Auglýsa þarf fyrsta fund til að kanna áhuga. Átthagastofan stendur til boða til notkunar undir slíkt. Hægt er að koma af stað félagslegum hitting fyrir áhugasama í Snæfellsbæ.

Hægt væri að koma af stað fyrirkomulagi með sjálfboðaliðastarf, tilfallandi vinnu o.s.frv.

Leigumál Snæfellsbæ

Árborg?: Fyrsti samningur er hámark 6mán. Næsti samningur er til tveggja ára og áframhaldandi á tveggja ára fresti þarf endurmat að fara í gang.

Rætt um stofnun reglugerða eða ramma sem fara þarf eftir við úthlutun íbúða í eigu bæjarins. Ákveðið að málefnið verði tekið fyrir á næsta fundi.

Akstursþjónusta

Takmörkuð akstursþjónusta í bæjarfélaginu.

Rætt að senda bréf til bæjarstjóra um fyrirspurn hvar akstursþjónusta stendur og hvernig þeim málum sé háttað í bæjarfélaginu. Þjónusta sem þarf að vera til staðar í bæjarfélaginu.

Erindi sent til bæjarstjórnar.

Forvarnaráætlun

Enginn forvarnarfulltrúi er í Snæfellsbæ eins og er.

Skoðaðar forvarnaráætlanir annarra bæjarfélaga til viðmiðunar. Ræða þarf um forvarnarfulltrúa, forvarnaráætlun og uppsetningu á vefsíðu.

Fundi slitið klukkan: 18.40

Velferðarnefnd

3.fundur

06. október 2022

Mættir eru: Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Stefán Smári Kristófersson, Viktoría Sif Viðarsdóttir og Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Farið yfir fundargerð síðasta fundar

Jafnréttisáætlun Snæfellsbæjar

Samþykkt einhljóða.

Sumarstarf grunnskólabarna sumarið 2023

Tekin ákvörðun um að kalla íþrótta- og æskulýðsnefnd á fund.

Vinakaffi

Fyrsti hittingur gekk vel. Ýmsar hugmyndir og verkefni farin af stað. Upp kom að vanti hluti fyrir billjard borð og ósk kom fram um píluspjald. Gunnhildur ætlar að athuga hvort velferðarnefnd geti keypt aðstoðað við kaup.

Akstursþjónusta

Gunnhildur og Stefán fóru á fund með bæjarstjóra vegna akstursþjónustu í bæjarfélaginu. Engin niðurstaða komin á þá umræðu.

Aðgengi fatlaðra

Brýnt mál að laga aðgengi við sundlaug Ólafsvíkur. Gunnhildur hefur rætt við Ragnar byggingatækni bæjarins að setja þurfi upp skammtíma lausn sem fyrst.

Leigumál bæjarins

Velferðarnefnd vil óska eftir því að samin verði stefna eða reglur í sambandi við útleigu á íbúðum í eigu Snæfellsbæjar.

Fundi slitið klukkan 19.00

Velferðarnefnd

4.fundur

20.október.

Kl 18.

Mættir eru: Gunnhildur Hafsteinsdóttir.Kristgeir Kristinnsson.Hallveig Hörn Þorbjargardóttir.Marsibil Guðmundsdóttir

Íþrótt og æskulýðsnefnd

Mættu á fundinn Kristfríður Stefánsdóttir og Jóhanna Jóhannesdóttir til að fara yfir hvað mætti gera betur í námskeiðahaldi fyrir næsta sumar bæði fyrir börn og fyrir fatlaða.

Fræðsla um brunavarnir

Rætt um að hafa samband við slökkviliðsstjóra um að koma með fræðslu til eldri borgara eins og var gert á síðasta kjörtímabili.

Aðgengismál

Rætt um grein Kristjáns Helgasonar sem kom í jökli um aðgengismál, formaður ætlar að svara greininni .

Forvarnaráætlun

Ætlum að hafa samband við skólanefnd

Heimsóknarvinir

Formaður búin að tala við rauða kross deildina hvortr hægt sé að virkja aftur verkefnið heimsóknar vinir.

Fundi slitið kl 19.

6. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 4. október 2022 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Matthías Páll Gunnarsson, Vagn Ingólfsson, Hilmar Már Arason, Baldvin Leifur Ívarsson, Ragnar Már Ragnarsson og Björn Arnaldsson. Ævar komst ekki.

Fundargerð ritaði Lilja Ólafardóttir.

- 1) Ævar sendi framkvæmdalista fyrir Áhaldahúsið:
 - a. Lokið var við grindverk við leikskólann á Hellissandi.
 - b. Reistir voru sökklar við Ólafsbraut 23.
 - c. Verið er að hreinsa af öllum andyrum á Gufuskálum, bæði járn og einangrun.
 - d. Verið er að slípa veggi að utan á grunnskólahúsnæðinu á Hellissandi.
 - e. Búið er að skipta út 47 hausum á götulýsingunni bæði á Hellissandi og í Ólafsvík.
 - f. Verið er að mála grindverk þegar veður leyfir.
 - g. Búið er að laga regnvatnslagnir á Ólafsbraut.
 - h. Búið er að mæla fyrir nýbyggingunni á Lýsuhóli.

- 2) Björn fór yfir helstu framkvæmdir á höfnum Snæfellsbæjar:
 - a. Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram, lagnavinna er að mestu búin, unnið er við að steypa þekju og frágang á masturshúsi.
 - b. Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, búið er að skipta um þak og þakkant, glugga og útihurdir, búið er að einangra húsið að utan, setja áfellur á þakkant og rétta allt af. Húsið er tilbúið til klæðningar.
 - c. Jarðvinnu við uppsátur í Rifshöfn er lokið og búið er að steypa smá gangstétt en eftir er að þökuleggja.
 - d. Unnið var við dýpkunarframkvæmdir í innsiglingunni til Rifshafnar og búið að dýpka um 800 m³ þegar dýpkunarpramminn sökk við bryggju. Sjó var dælt úr prammanum og grafan hífd á land og er framkvæmdin stopp á meðan unnið er að viðgerðum á tækjum og búnaði verktakans, en verktakinn stefnir á að ljúka við verkið.
 - e. Vegagerðin opnaði tilboð í sjóvarnarverkefni í Ólafsvík og á Hellnum 23.08. s.l. og bærust tvö tilboð, bæði yfir kostnaðaráætlun. Vegagerðin fór yfir tilboðin og fundaði með lægstbjóðanda og í framhaldi af því ákvað hún að hafna öllum tilboðum og bjóða verkið aftur út og þá í byrjun næsta árs.
 - f. RARÍK hefur lokið við frágang við hafnarhúsið í Ólafsvík en steypa þurfti nýja gangstétt vegna lagningu á nýrri heimtaug að Norðurgarði. Jafnframt var búið að steypa gangstétt við Áhaldahúsið.
 - g. Búið er að ljúka við frágang við Frelsisvitann á Hellissandi. Þar var malbikaður gangstigur innan við vitann.

- 3) Ragnar fór yfir ýmsar framkvæmdir í bæjarfélaginu:
 - a) Undirbúningur á flutningi húsanna sem eiga að koma við Ólafsbraut og á Lýsuhól. Við erum háð vedri núna, en allt er tilbúið fyrir flutning.
 - b) Unnið að jarðvinnu við Lýsuhólsskóla.
 - c) Bætt aðgengismál við sundlaugina í Ólafsvík. Búið er að skoða hvað hægt sé að gera til að bæta aðgengi og verður það gert núna á næstunni.
 - d) Það verður fundur með ÖBÍ í næstu viku varðandi aðgengismál.
 - e) Flekahurð í grunnskólann. Það er stefnt að því að mæla fyrir henni í dag og setja hana í pöntun.
 - f) Jarðvinna hafin við 3 hús í Ólafsvík, Miðbrekka og Fossabrekka, mælingar ofl.
 - g) Unnið er að því að koma lausum lóðum inn í kortasjána.
 - h) Vinna við hönnun á nýju anddyri fyrir Jadar langt komin, panta þarf glugga og hurdir.
 - i) Verið að skoða lausn á þakmálum fyrir líkhúsið



- j) Erum í samvinnu við HMS vegna ósamræmis á skráðum eignum hjá Sýslumanni og í fasteignaskrá. Verið er að sameina tvær fasteignaskrár í eina fyrir allt landið og í Snæfellsbæ er misræmi í 96 eignum, sem þarf að laga.
 - k) Gámasvæðið í Rífi. Verið er að ljúka við hönnunina.
 - l) Ýmis verkefni eru jafnframt í gangi í tæknideildinni, t.a.m. gerð lóðasamninga, úttektir, verið er að skoða körfuboltavöll á grunnskólalóðinni, vinna í því að fá verktaka í ýmis verk. Skipulagsmál ofl.
 - m) Það þarf að halda fund með umsjónarmanni tjaldsvæðanna núna þegar búið er að loka þeim fyrir veturinn og fara yfir það sem þarf að gera og það sem betur má fara eftir sumarið.
- 4) Leifur fór yfir sínar framkvæmdir:
- a. Búið er að fara yfir Vallholt 19, 1hh. Þar er búinn að vera leki, en niðurfall hefur farið í sundur inni í vegg. Búið er að laga það og nýr íbúi kominn í íbúðina.
 - b. Búið er að skipta um brotið gler á leikskólanum á Hellissandi og jafnframt búið að endurglerja í íbúð á neðri hæð í Fossabrekku 21. Vonandi er búið að komast fyrir lekann og nú þarf að bíða eftir að allt þorni áður en hægt er að laga skemmdir.
 - c. Jónas ætlar að fara í að laga gluggann í Engihlíð 18, 3hh.
 - d. Septembermánuður hefur farið í ýmis önnur tilfallandi verk.
- 5) Matthías fór yfir öll öryggisniðurföll í íþróttahúsinu í september. Það þarf að fá múrara. Búið er að laga ljósin í íþróttahússanddyrinu. Það stóð til að laga ljósin úti líka, en þau eru að öllum líkindum ónýt. Búið er að setja upp slár fyrir hjólastólaaðgengi í klefa 1 í íþróttahúsinu og setja snaga þar sem þess var óskað vegna betra aðgengis. Í sundlaugarmannvirkjum er búið að mæla fyrir þeim rúðum sem eru brotnar og eru þær komnar í pöntuna. Skipt verður um um leið og þær koma. Í sundlaugarkjallaranum voru loftgöt sett á varmadælu og gengið frá stóru varmadælunni sem á að vera komin í gott lag. Sett voru upp ljós í sundlaugarkjallaranum. Búið er að setja upp skáp utan um stjórnboxið í saunaklefanum, en fólk var farið að fikta of mikið. Nú getur enginn stillt hitann nema starfsmaður. Búið er að fara með 1,2 tonn af rusli út úr íþróttahúsinu á Hellissandi. Kjallarinn er að verða tómur. Í anddyrinu er töluvert af timbri sem brettastrákarnir hafa sankað að sér. Það þyrfti að losna við það vegna brunahættu. Hitatúpan er ekki að standa sig, líklegast lekur kerfið einhvers staðar, svo það þarf að skoða það. Bílskúrshurðin á vallahúsinu í Ólafsvík var löguð. Gamlir flúorlampar í Sólarport voru lagaðir, líklegast þarf að skipta þeim út. Niðurföll í kvennaklefanum í sundlauginni í Ólafsvík voru hreinsuð. Það þarf að skipta um lagnimar þegar farið verður í framkvæmdir vegna aðgengismála. Verið er að skoða möguleikann á nýjum klefa í sundlauginni fyrir önnur kyn. Verið er að undirbúa það að setja klórvél og leggja lagnir frá henni í innipottinn í sundlauginni. Búið er að laga eitt fótoltamark á vellinum.
- 6) Vagn fór yfir framkvæmdir á íþróttamannvirkjum. Eiríkur er búinn að vera að gera við sprungur á suðurhlið skólans á Hellissandi og sú hlið er orðin tilbúin fyrir sílanburð. Þarf kannski ekki að rjúka í að mála, þarf frekar að fara í eina og eina hlið og gera það vel. Búið að spóla upp úr sprungum á vesturhlið skólans og hún er tilbúin fyrir sprunguviðgerðir. Búið að skrúfa upp allar áfellur á efra þakinu en það þarf að muna eftir því að það þarf að setja á suðvesturhornið til að ganga frá fyrir veturinn svo við losnum við lekann þar. Búið að tyrfa í kringum rampinn sem steypur var við gamla skólans. Málningarvinna búin að vera í báðum skólahúsnæðum, í Ólafsvík og Hellissandi, ásamt ýmis konar tiltektarverkefnum. Það þarf að skoða vel niðurföll og dren við skólahúsnæðið á Hellissandi. Til stendur að steypa síðasta rampinn við norðurhlið skólans á Hellissandi, ásamt því að setja upp slár vegna aðgengis fyrir fatlaða. Skólinn er orðinn vel búinn aðgengislega séð, nema annað komi í ljós, en það verður þá tekið á því þegar þar að kemur.

7) Næsti fundur verður þriðjudaginn 1. nóvember kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:57

Þórunn Árnadóttir
Matthias Páll Gunnarsson
Baldur & Svana
~~Alex Alex~~
Vagn Ingólfur
Mj. Magnúsdóttir
Kristinn Gunnarsson

7. fundur framkvæmdeymiss Snæfellsbæjar haldinn 1. nóvember 2022 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Matthías Páll Gunnarsson, Vagn Ingólfsson, Baldvin Leifur Ívarsson, Ragnar Már Ragnarsson, Ævar Sveinsson og Björn Arnaldsson.

Fundargerð ritaði Lilja Ólafardóttir.

- 1) Vagn fór yfir framkvæmdir vegna grunnskólans:
 - a) Staðan á Grunnskólanum á Hellissandi er þannig að suðurhlíð hefur verið fullmúruð og sílanborin.
 - b) Vesturhlíð og norðurhlíð hafa verið bollaðar niður og vinna er í gangi við sprunguviðgerðir og múrvinnu eftir því sem veður leyfir, vonir standa til að hægt verði að klára þær fullmúraðar og sílanbornar.
 - c) Rampur hefur verið steiptur við inngangshurð á norðurhlíð skólans og hann vel búinn með tilliti til fatlaðra.
 - d) Skóhillur smíðaðar af Viðari Hafsteinssyni hafa nú verið settar upp í anddyri skólans og hita hleypt á gólf, anddyrið er nú tvískipt skófatnaður í fremra rými og fatnaður í innra rými. Mikil lukka með þetta hjá bæði börnum og starfsfólki.
 - e) Lagfæring á girðingu við gamla skólann.
 - f) Haldið áfram að skipta út flúorperum fyrir led ljós í grunnskólanum í Ólafsvík. Fyrirhugað og í athugun með framkvæmdir í nóvember.
 - g) Í skoðun er smíði á vettlingarofni í anddyri.
 - h) Vonandi næst að klára múrviðgerðir á vestur og norðurhlíð.
 - i) Glugga ísetningar hafa verið stopp en reglulega er hringt í smiðinn og minnt á þörfina á að klára glugga á austurhlíðinni og þeir lofa okkur að koma um leið og færi gefst.
 - j) Skoða þarf hvort eigi að fara í að kaupa nýjar flæsningar yfir topp á neðri kanti í staðinn fyrir þær sem fyrir eru en þær ná engan vegin að gera það gagn sem þeim er ætlað, þetta þyrfti að skoða vel. Samþykkt að fara í það að panta nýjar flæsningar.
 - k) Athuga með kjarnaborun vegna loftunar á steypustokk skólans enda engin hreyfing á lofti þar inni sem hugsanlega veldur því að málning tollir ekki á þakkanti, einnig er mikil rakamyndun inni í stökknum sem er mjög óæskileg. Væntanlega þyrfti að vera komin niðurstaða í hvor leiðin verður farin í þakinu til að ákveða hvort borað yrði uppí stökkinn eða innum hliðar hans.
- 2) Hilmar skólastjóri sendi minnispunkta varðandi viðhaldsverkefni í grunnskólanum sem þyrfti að fara í á árinu 2023. Hann sendir þetta jafnframt á bæjarstjórn vegna fjárhagsáætlunarvinnu. Í punktunum kemur fram að viðhaldi hafi verið ágætlega sinnt síðustu ár, en byggingar skólans séu orðnar gamlar og kominn sé tími á stór viðhaldsverkefni, m.a.a til að koma í veg fyrir leka í byggingum sem valda rakaskemmdum. Best sé að koma í veg fyrir slík mál með því að bregðast við tímanlega. Hann sagði jafnframt að búið væri að eiga gott samstarf við tæknideild Snæfellsbæjar varðandi slík verkefni.
 - a) Í Ólafsvík þarf að...
 - i. ...skipta um glugga í stofum 5, 6, 7 og 8. Það sé búið að panta gluggana og þeir séu komnir.
 - ii. ...það þarf að setja nýtt gólfefni og bæta loftun í eldhúsi – jafnframt að endurskipuleggja eldhúsið í leiðinni.
 - iii. ...það er orðið nauðsynlegt að huga að málningarvinnu utanhúss.
 - b) Á Hellissandi þarf að...
 - i. ...skipta um glugga í skólanum
 - ii. ...endurnýja þakið
 - iii. ...ljúka við að loka ytra birði skólans (múra, sílanbera og mála)

MAR



- c) Á Lýsuhóli þarf að...
- i. ...skipta um dúk á þaki félagsheimilisins. Löngu tímabært þar sem hann er sprunginn og heldur engum raka.
 - ii. ...skipta um glugga og klæðningu utan á eldhúsi, anddyri, smíðastofum og sviði. Víða eru rakaskemmdir í veggjum undir gluggum.
 - iii. ...yfirfara þarf glugga á skólagangi sem snúa í norður. Í miklu vatnsveðri kemst vatn inn sem skemmir út frá sér bæði gluggakistur og gólfduk.
 - iv. ...það þarf að skoða gólfíð í salnum.
- 2) Björn fór yfir framkvæmdir á vegum hafnarinnar:
- a) Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram, unnið er við þekju og frágang í masturshúsi að utan og innan. Búið er að taka hluta af þekjunni í notkun.
 - b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, verið er að klæða húsið að utan.
 - c) Vinnu við uppsátur í Rifshöfn er lokið, búið er að steypa kantstein, smá gangstétt og þökuleggja.
 - d) Vinna við dýpkunarframkvæmdir í innsiglingunni til Rifshafnar er stopp þar sem dýpkunarpramminn sökk við bryggju eins og áður hefur komið fram. Verktakinn er í viðræðum við sitt tryggingafélag og stefnir hann á að ljúka við verkið.
 - e) Verið er að hanna og teikna stækkun og hækkun á trébryggju við gafll stálpils við Norðurtanga í Ólafsvík og er gert ráð fyrir framkvæmdum árið 2023.
 - f) Vinna hefst í þessari viku við uppsetningu á ljósastaurum og steypu á gangstétt við Snoppuveg í Ólafsvík.
- 3) Leifur fór yfir ýmsar framkvæmdir vegna húsnæðis bæjarins:
- a) Unnið við Engihlíð 16e
 - i. Nýtt gólfefni parket og flísar
 - ii. Almálað
 - iii. Skipt um borðplötur í eldhúsi + vask og helluborð
 - iv. Ýmsar aðrar minni lagfæringar
 - b) Skipt um perur á Klifi ca. 30 stk. Í framhaldi af því rætt við Sigurjón rafvirkja um að breyta lýsingu í sal og kaffisölu yfir í Led og þá um leið að skipta um dimmera.
 - c) Ýmis önnur minni útköll á Jaðar, leikskóla. tónlistarskóla og skóla.
- 4) Matthías fór yfir framkvæmdir vegna íþróttamannvirkja:
- a) Gengið frá vökvunarkerfi á fótboltavelli fyrir veturinn – frosttæmt. Dælan þarf að fara í viðgerð.
 - b) Vaðlaug og lendingarlaug lokuð hlerar settir á.
 - c) Farið yfir klór síur og síur á miðstöðvarkerfi.
 - d) Gert við fótboltamark.
 - e) Laga þeytivindu í karlaklefa.
 - f) Skipt um þensluloka á stóru varmadælunni.
 - g) Skipt um tvær miðstöðvardælur fyrir heitgas.
 - h) Hitatúpa íþróttarhúsi bílar og sett var nýtt stýrispjald.
 - i) Myndavél á útisvæði við sundlaug löguð.
 - j) Ljós á fótboltavelli. Þeir hjá Metatron komu og löguðu kastara í mastri götumegin næst gilinu ljós nr. 6, en ljós nr. 4 í mastri nær sundlaug er bílað ennþá og segja þeir að það sé á leiðinni.
 - k) Innipottur settur á varmadælurnar og tekinn af hitatúpu.
- 5) Ævar fór yfir framkvæmdir hjá Áhaldahúsinu:
- a) Aðstoðað við að slípa veggj á skólanum á Hellissandi.

TJK Orma-


MPG

SH.

SP

- b) Skipt var um gler á Lýsuhóli.
 - c) Rifin litlu þökin á anddyrunum á Gufuskálum.
 - d) Unnið við Ólafsbraut 23 – búið að flytja öll 4 húsin vestur og koma 2 fyrir á gámostöðinni. Tvö hús eru á Ólafsbrautinni og verið er að festa þau þar.
 - e) Skipt um brunnhana á Snoppuvegi – hann færður og settur nýr við nýju þjóðgarðsmiðstöðina.
 - f) Rifinn pallurinn á Lýsuhóli.
 - g) Búið að laga regnvatnslagnir við Ólafsbrautina sem stífluðust.
- 6) Ragnar fór yfir nokkra punkta frá tæknideildinni:
- a) Búið er að flytja húsin sem bærinn festi kaup á úr Vatnsmýrinni vestur í Ólafsvík. Fjórum einingum hefur verið komið fyrir á geymslusvæði bæjarins við Rif þar sem að þau verða geymd þar til að búið er að ganga frá teikningum ofl fyrir þau hús. Fundað verður með forsvarsmönnum Einars P & Co í dag til að finna tíma til að loka húsinu við Ólafsbraut.
 - b) Unnið er að aðaluppdrætti fyrir húsin sem eiga að koma á Lýsuhól og verður hann vonandi klár í þessari viku.
 - c) Hafin er vinna við að skrá inn lausar lóðir sem eiga að birtast á vefsíðu bæjarins og mun sú vinna klárast í október og verður í framhaldi aðgengileg almenningi að þeirri vinnu lokinni.
 - d) Til stendur að smíða nýja glugga fyrir vestasta húsið á Gufuskálum og er unnið að því að teikna þá þannig að þeir uppfylli kröfur um flóttaleiðir. Smíði þeirra gæti hafist fljótlega og er stefnt að því að hefja ísetningu þeirra sem fyrst.
 - e) Fyrir liggur mikil vinna í endurnýjun lóðarleigusamninga í sveitarfélaginu og er sú vinna hafin og gengur hún vel. Áframhald verður á þeirri vinnu samhliða öðrum verkefnum deildarinnar í vetur.
 - f) Tæknideildin er að yfirfara og vinna kostnaðaráætlanir fyrir ýmsar stofnanir bæjarins í aðdraganda fjárhagsáætlunar.
 - g) Finna þarf tíma í samráði við starfsfólk sundlaugarinnar til að hefja framkvæmdir á búningsklefum sundlaugarinnar til að bæta aðgengi fólks með skertu hreyfifgetu. Ekki þarf að fara í miklar framkvæmdir til að bæta aðgengið verulega.
 - h) Unnið er að tveimur skipulagmálum þessa dagana, bæði fyrir Djúpálónssand í samvinnu við Umhverfisstofnun, einnig fyrir fyrirhugað baðlóð í Krossavíkinni.
 - i) Framkvæmdir eru hafnar á tveimur lóðum í Fossabrekkunni þar sem stendur til að byggja einbýlishús. Einnig er töluverð eftirspurn eftir lausum lóðum á ýmsum stöðum í sveitarfélaginu bæði fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.
- 7) Næsti fundur verður þriðjudaginn 6. desember kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:37


 Matthías Páll Gunnarsson
 Þórunn Þorvaldsson
 Baldur H. Friðsson
 Ólafur Sveinsson
~~Arnar Þorvaldsson~~
 Ólafur Sveinsson

Fullgild rafraen undirskrift

ÞORSTEINN NARFASON

Kennitala: 200566-5069
2022-10-20 19:00:22 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

BIRKIR SNÆR GUÐLAUGSSON

Kennitala: 261087-3599
2022-10-21 15:00:52 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

STEINUNN INGIBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR

Kennitala: 090970-3719
2022-10-20 19:17:32 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

SIGRÚN ÓLAFSDÓTTIR

Kennitala: 220485-5009
2022-10-21 15:51:05 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

KRISTINN HALLUR SVEINSSON

Kennitala: 210572-5979
2022-10-20 19:26:03 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

SKÚLI HREINN GUÐBJÖRNSSON

Kennitala: 240165-3179
2022-10-21 19:03:09 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

AUÐUR K.JARTANSDÓTTIR

Kennitala: 230891-2309
2022-10-21 09:02:17 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

TRAUSTI GYLFASON

Kennitala: 300964-4949
2022-10-22 18:06:22 GMT
Ástæða: Undirskrift



Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands

178. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var fjarfundur á Teams haldinn fimmtudaginn 20. október 2022 kl. 16:30-18.30.

Mætt: Auður Kjartansdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Kristinn Hallur Sveinsson, Sigrún Ólafsdóttir, Steinunn I. Magnúsdóttir, Skúli Hreinn Guðbjörnsson og Trausti Gylfason. Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins sat fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits 2023.
Lögð fram drög að fjárhagsáætlun 2023 ásamt útreikningi á tímagjaldi og gjaldskrá. Fjárhagsáætlun er samþykkt ásamt gjaldskrá. Tímagjald verður kr. 16.900.
2. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi

- 2.1 Umsókn Leifs Steins Elíssonar fyrir hönd D9 ehf. um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II- minna gistiheimili á Miðbraut 15 í Búðardal. Fjöldi gesta er 10 gestir. Jákvæð umsögn send 13. september 2022.
- 2.2 Umsókn Ingvars Vilhjálmssonar fyrir hönd Hrútsholts ehf., um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, frístundahús, að Hrútsolti II, Eyja- og Miklaholtshreppi. Fjöldi gesta er 9 gestir. Jákvæð umsögn 27. september 2022.
- 2.3 Umsókn Hönnu Andrésdóttur fyrir hönd Dreisam ehf um breytt rekstrarleyfi fyrir gistingu á Hótel Rjúkanda á Vegamótum. Sótt er um að bæta við þremur gistirýmum í nýju húsnæði. Jákvæð umsögn send 7. október 2022.
- 2.4 Umsókn Ragnheiðar Jóhannesdóttur um nýtt rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki III, stærra gistiheimili, í Ensku Húsunum við Langá. Fjöldi gesta skv. umsókn er 32 gestir. Jákvæð umsögn send 11. október 2022.
Lagt fram.

Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi

- 2.5 Umsókn Margrétar B. Kolbrúnardóttur um tækifærisleyfi fyrir dansleik í félagsheimilinu Lyngbrekku 16. september 2022. Jákvæð umsögn veitt, með kröfu um úrbætur vegna loftræstingar, 13. september 2022.
- 2.6 Umsókn Sóleyjar Ó. Sigurgeirsdóttur um tækifærisleyfi fyrir skemmtun í Grímshúsi Brákarey, Borgarnesi 7. október 2022. Jákvæði umsögn veitt 4. október 2022.

- 2.7 Umsókn Láru Magnúsdóttur fyrir hönd KKD Skallagríms um tækifærisleyfi fyrir dansleik í Hjálmakletti í Borgarnesi 22. október 2022. Jákvæð umsögn send 12. október 2022.
- 2.8 Umsókn Jóns Egils Jóhannssonar f.h. Félags sauðfjárbænda um tækifærisleyfi fyrir dansleik í Dalabúð í Búðardal 22. október 2022.

Lagt fram.

3. Umsagnir til sveitarfélaga um skipulagsmál

Grundarfjarðarbær

- 3.1 Tillaga að deiliskipulagi vegna fyrirhugaðs hótels í landi Skerðingsstaða. Umsögn send 12. september 2022.

Borgarbyggð

- 3.2 Tillaga að breyttu deiliskipulagi í frístundabyggð í Galtarholti 2. Umsögn án athugasemda send 16. september 2022.

Snæfellsbær

- 3.3 Skipulagslýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar vegna breytinga á deiliskipulagi í Dritvík og Djúpalón. Umsögn send 13. október 2022.

Lagt fram.

4. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar

- 4.1 Frystihúsið Ísverslun ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir söluturni með óvarin matvæli að Kirkjubraut 2, Akranesi. Leyfi var gefið út þann 14. október 2022 og er ótímabundið.
- 4.2 Langá ehf. sækir um nýtt leyfi fyrir stærra gistiheimili Langárfoss veiðihús, Borgarbyggð. Leyfið var gefið út 11. október 2022 og gildir í 12 ár.
- 4.3 Fellaskjól dvalarheimili sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir dvalarheimili með fullbúnu eldhúsi að Hrannarstíg 20, Grundarfirði. Leyfið var gefið út 11. október 2022 og gildir í 12 ár.
- 4.4 Háskólinn á Bifröst ses. sækir um starfsleyfi fyrir háskóla að Bifröst, Borgarbyggð. Leyfið var gefið út 10. október 2022 og gildir í 12 ár.
- 4.5 Dreisam ehf. sækir um breytt starfsleyfi fyrir stærra gistiheimili og matsölustað í floknum 17-50 manns fyrir Hótel Rjúkanda við Vegamót, Eyja og Miklaholtshreppi. Leyfið var gefið út 7. október 2022 og gildir í 12 ár.
- 4.6 Grundarfjarðarbær sækir um breytingu á starfsleyfi fyrir samkomustað í Sögumiðstöðinni, Grundargötu 35, Grundarfirði. Leyfið var upphaflega gefið út 5. febrúar 2018 með gildistíma í 12 ár.
- 4.7 Akraneskaupstaður sækir um starfsleyfi fyrir Þorpið frístundamiðstöð að Þjóðbraut 13, Akranesi. Leyfið var gefið út 6. október 2022 og gildir í 12 ár.
- 4.8 Hrútsholt ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir lítið gistiheimili að Hrútsholti II, Eyja og Miklaholtshreppi. Leyfið var gefið út 22. september 2022 og gildir í 12 ár.
- 4.9 Dyrfljót ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir lítið gistiheimili að Lambalækjarflöt 5, Borgarbyggð. Leyfið var gefið út 16. september 2022 og gildir til 12 ár.

- 4.10 D9 ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir lítið gistiheimili að Miðbraut 15, Búðardal. Leyfið var gefið út 13. september 2022 og gildir í 12 ár.
- 4.11 Brákarhlíð sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir hjúkrunar- og dvalarheimili með fullbúnu eldhúsi að Borgarbraut 65, Borgarbyggð. Leyfið var gefið út 8. september 2022 í 12 ár.
- 4.12 Apótek Vesturlands ehf. sækir um nýtt leyfi til reksturs lyfjaverslunar á Ólafsbraut 24, í Ólafsvík. Leyfi gefið út 22. september 2022 og gildir í 12 ár.
- 4.13 Ragnar og Ásgeir ehf. sækir um nýtt leyfi fyrir vörugeymslu og flutningamiðstöð á Sólvöllum 7 í Grundarfirði. Leyfið var gefið út 5. október 2022 og gildir í 12 ár.
- 4.14 Dalabyggð sækir um leyfi fyrir lítilli matvælavinnslu/deilieldhúsi í félagsheimilinu Tjarnarlundi í Saurbæ. Leyfi gefið út 19. október 2022 og gildir í 12 ár.

Lagt fram.

5. Tóbakssöluleyfi

- 5.1 Samkaup hf, sækir um endurnýjað leyfi fyrir tóbakssölu í Krambúðinni í Búðardal. Leyfi gefið út 17. október 2022 og gildir í 4 ár.

Lagt fram.

6. Erindi frá Umhverfisstofnun

- 6.1 Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dagsett 7. október 2022 þar sem óskað er eftir að heilbrigðisnefnd tilnefndi fulltrúa í vatnasvæðanefnd með tilvísun í 6. gr. reglugerðar um stjórn vatnamála.

Málið var kynnt.

- 6.2 Umhverfisstofnun óskar eftir með tölvubréfi eftir umsögn heilbrigðiseftirlits um áætlun um loftgæði 2022-2033. Skjalið er ekki til dreifingar á þessu stigi.

Málið var kynnt.

- 6.3 Lagðar fram leiðbeiningar um minni fráveitur gefnar út af Umhverfisstofnun. Um er að ræða endurskoðun á leiðbeiningum um þetta efni.

Lagt fram.

- 6.4 Lagðar fram nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu, fyrir heilbrigðisnefndir og rekstraraðila skólphreinsistöðva fyrir eftirlit og vöktun vegna losunar á skólpi.

Lagt fram.

7. Önnur mál

7.1 Kaup á rafmagnsbifreið.

Lagt til að kaupa rafmagnsbifreið fyrir embættið að upphæð 6950 þúsund. Bíllinn var áður í langtímaleigu og reyndist vel.

Samþykkt.

7.2 Tímabundin ráðning

Lagt til að ráða inn tímabundinn starfsmann enda rúmist það innan fjárheimilda ársins 2022, vegna ólaunaðs leyfis starfsmanns.

Samþykkt.

Fundi slitið 18:35



205. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 16. ágúst 2022, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Arnar Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Valdís Einarisdóttir, Sigurður Halldór Árnason og Magnús A. Sigurðsson

Forföll: Guðríður Þorvarðardóttir forfallaðist.

Fundarritari: Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 9.00

1. Fundargerð 204. fundar

Fundargerð 204. fundar nefndarinnar frá 30. maí 2022.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Vettvangsferðin

Fjallað var um vettvangsferð nefndarinnar sem farið verður 22.- 23. ágúst.

Afgreiðsla:

Það er búið að ganga frá dagskrá og hún hefur verið send á nefndina. Jakob mun svo klára allan annan undirbúning ferðarinnar.

3. Gróðurannsókn

Nefndin ræddi áfram um fyrirhugaða gróðurannsókn í Breiðafjarðareyjum. Rannsóknartillagan hefur verið í þróun í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða síðan í apríl 2022.

Afgreiðsla:

Sigurður frá Náttúrustofu Vestfjarða sagði frá því að undirbúningsvinna fyrir verkefnið hafi dregist og verður þess vegna ekki hægt að framkvæma rannsóknina árið 2022. Hins vegar er áfram hægt að skipuleggja rannsóknina betur og setja hana á áætlun fyrir árið 2023. Með frestun fram á næsta ár verður jafnvel hægt að gera meira fyrir sama fé þar sem Náttúrustofa Vestfjarða er með fleiri verkefni í eyjum Breiðafjarðar sem hægt er að tengja við gróðurannsóknina.

Nefndin samþykkti að halda áfram með undirbúning í haust og framkvæma rannsóknina næsta sumar. Náttúrustofa Vestfjarða vinnur áfram í skipulagi rannsókna og sendir Breiðafjarðarnefnd sínar tillögur auk kostnaðaráætlunar í lok október á þessu ári.

4. Auglýsing - Aðalskipulag Reykhólahrepps 2022-2034

Breiðafjarðarnefnd fékk senda til umsagnar tillögu að aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2034. Frestur til að skila umsögn rennur út 27. ágúst.



Afgreiðsla:

Nefndin ræddi tillöguna með tilliti til verndarsvæðis Breiðafjarðar. Jakob mun skrifa drög að umsögn og sendir nefndarfólki hana til yfirlstrar fyrir skilafrest.

5. Auglýsing - Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Breiðafjarðarnefnd fékk senda til umsagnar tillögu að aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032. Frestur til að skila umsögn rennur út 26. ágúst.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi auglýsingu með tilliti til verndarsvæðis Breiðafjarðar. Jakob mun skrifa drög að umsögn og sendir nefndarfólki hana til yfirlstrar fyrir skilafrest.

6. Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða

Breiðafjarðarnefnd fékk senda tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða til umsagnar. Frestur til skila á umsögnum er 15. september.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi tillögu og mun skrifa umsögn fyrir 15. september. Jakob sendir drög að umsögninni á nefndina í byrjun september.

7. Beiðni um umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi Skerðingsstaða í Grundarfjarðarbæ

Breiðafjarðarnefnd fékk senda tillögu að deiliskipulagsbreytingu Skerðingsstaða við Lárvaðal í Grundarfjarðarbæ.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi tillöguna og mun skrifa umsögn fyrir 15. september. Jakob sendir drög að umsögninni á nefndina í byrjun september.

8. Grundarfjarðarviti, sögupóstar og sagan

Nefndinni barst beiðni um styrk í lok júlí. Beiðni snýst um upplýsingaskilti við Krikjufell við Grundarfjörð.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi beiðni og mun kanna möguleika á að styrkja verkefnið. Jakob mun skoða reglur Breiðafjarðarnefndar um úthlutun styrkja og hvort nefndin hafi svigrúm til að styrkja fyrirhugað verkefni. Jakob upplýsir nefndina um stöðu mála á næsta fundi Breiðafjarðarnefndar.



9. Önnur mál

Erla gerði athugasemd við texta starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2021, sem nefndin afhendir umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í ágúst. Nefndin samþykkti athugasemdina. Jakob mun breyta textanum áður en skýrslan verður afhent.

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður í vettvangsferðinni 23. ágúst. Þannæsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður svo í september.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.25.



206. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 23. ágúst 2022, á Vogu á Fellströnd

Mætt:

Erla Friðriksdóttir formaður, Arnar Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Sigurður Halldór Árnason og Magnús A. Sigurðsson

Umhverfis- orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson mætti á fundinn.

Steinar Kaldal, sérfræðingur á skrifstofu landgæða í umhverfis orku- og loftslagsráðuneyti, mætti í stað Guðríðar Þorvarðardóttur sem forfallaðist.

Forföll:

Guðríður Þorvarðardóttir

Fundarritari: Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 9.05

1. Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2021

Formaður Breiðafjarðarnefndar kynnti fyrir umhverfis- orku- og loftslagsráðherra helstu verkefni Breiðafjarðarnefndar árið 2021 eins og þau eru kynnt í starfsskýrslu nefndarinnar.

Afgreiðsla:

Í kjölfar kynningar formanns Breiðafjarðarnefndar var ársskýrslan formlega afhent umhverfis- orku- og loftslagsráðherra.

2. Umræða um verndarsvæði Breiðafjarðar með áherslu á framtíð verndarsvæðis

Rætt var um verndarsvæði Breiðafjarðar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi við umhverfis- orku- og loftslagsráðherra um verndarsvæði Breiðafjarðar. Rætt var almennt um Breiðafjörð og áherslumál Breiðafjarðarnefndar undanfarin ár.

Rætt var um skýrsluna Framtíð Breiðafjarðar¹ og stýrihóp um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun². Framtíð Breiðafjarðar er skýrsla sem Breiðafjarðarnefnd vann og skilaði til umhverfisráðherra árið 2021. Stýrihópurinn er framhald þeirrar vinnu. Stýrihópurinn var skipaður vorið 2022 og vinnur að frekari stöðugreiningu og framtíðarsviðsmyndum

¹ Breiðafjarðarnefnd. (2021). *Framtíð Breiðafjarðar - Samantekt og niðurstöður Breiðafjarðarnefndar*. http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/01/20210119_framtid_Breidafjardar_2021.pdf

² Stjórnarráð Íslands. (2022). Stýrihópur vegna verndarsvæðis Breiðafjarðar. <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/nanar-um-nefnd/?itemid=c35ecbc9-a6d6-11ec-8147-005056bcf582>



sem skoða náttúruvernd í ljósi byggðabróunar. Stýrihópurinn mun skila sínum tillögum til umhverfis-orku- og loftslagsráðherra í júní 2023.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður í september, nánari dagsetning verður tilkynnt síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.45.



207. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. september 2022, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson, og Magnús A. Sigurðsson

Forföll: Arnheiður Jónsdóttir, Valdís Einarsdóttir og Sigurður Halldór Árnason forfölluðust og ekki náðist í varamenn þeirra vegna skamms fyrirvara.

Fundarritari: Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 11.02

1. Fundargerð 205. fundar

Fundargerð 205. fundar nefndarinnar frá 16. ágúst 2022.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Umsögn vegna byggingarleyfisumsóknar á þangvinnslu við Nesveg 22a í Stykkishólmi

Fjallað var um drög að umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna byggingarleyfisumsóknar á þangvinnslu í Stykkishólmi.

Afgreiðsla:

Jakob las drögin fyrir nefndina og í kjölfarið var rætt um þau. Nefndin samþykkti að gera nokkrar breytingar áður en umsögnin verður send til byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar. Jakob gerir þær breytingar og sendir svo umsögnina.

3. Auka umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir hótél í landi Skerðingsstaða, Grundarfjarðarbæ

Nefndin sendi frá sér umsögn varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir hótél í landi Skerðingsstaða, Grundarfjarðarbæ. Eftir frekari athugun hefur nefndin ákveðið að senda auka umsögn. Efni hennar var rætt á fundinum.

Afgreiðsla:

Jakob sagði frá upplýsingum sem virðast sýna skýrt að Lárvaðall er hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar. Rætt var um málið og var niðurstaðan sú að Jakob skrifi auka umsögn og sendir hana á nefndina til staðfestingar. Í kjölfarið mun Jakob senda umsögnina til skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar fyrir hönd Breiðafjarðarnefndar í síðasta lagi mánudaginn 26. september.



4. Önnur mál

Erla lagði til að starfsmaður Breiðafjarðarnefndar ynni stutta skýrslu um vettvangsferð sem farin var 22. og 23. ágúst. Tillagan var samþykkt. Jakob mun skrifa skýrslu og leggur hana fyrir nefndina þegar hún verður tilbúin.

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur verður 25. október, kl. 10.00, á Teams. Þarnæsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður staðfundur í Stykkishólmi. Fundurinn verður haldinn 22. nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

Fundargerð 446. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2022, miðvikudaginn 26. október kl. 16:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Ólafsvík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Í byrjun fundar bauð formaður fundargesti velkomna á þennan seinasta stjórnarfund þessarar stjórnar og þakkaði jafnframt fyrir farsælt samstarf.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 445. fundar - 2110003HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 445. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 16. september 2022.

Fundargerðin staðfest.

2. Úttekt á gjaldskrármálum hafna - 2201002HA

Rætt um úttekt á gjaldskrármálum hafna sem Gísli Gíslason fyrrum formaður Hafnasambands Íslands og hafnarstjóri Faxaflóahafna hefur unnið fyrir hafnasambandið.

Stjórn þakkar Gísla fyrir mjög góða vinnu en skýrsluna mun hann kynna á hafnasambandsþingi í Ólafsvík 27.-28. október 2022.

3. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2021 - 2206003HA

Rætt um drög að skýrslu um fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2021 sem hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur unnið fyrir hafnasambandið en skýrslan verður kynnt á hafnasambandsþingi í Ólafsvík 27.-28. október 2022. Skýrslan verður jafnframt birt á vef hafnasambandsins 1. nóvember.

4. Hafnasambandsþing 2022 - 2110002HA

Rætt um undirbúning og framkvæmd hafnasambandsþings 2022.

Dagskrá hafnasambandsþingsins var samþykkt ásamt tillögu um Auði Kjartansdóttur sem forseta þingsins og Laufey Helgu Árnadóttur sem þingritara. Einnig voru tillögur að ályktunum fyrir hafnasambandsþingið lagðar fram til kynningar.

5. **Hafnasambandsþing og hafnafundur - 2210002HA**

Rætt um næsta hafnasambandsþing 2024 og hafnafundur 2023.

Samþykkt að halda hafnafundur 2023 hjá Hafnarfjarðarhöfn og hafnasambandsþing hjá Hafnasamlagi Norðurlands.

Fundi var slitið kl. 17:40

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Fundargerð 913. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, miðvikudaginn 28. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar á Akureyri.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir í fjarfundarbúnaði, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Kristján Þór Magnússon boðaði forföll en ekki gafst tími til að boða varafulltrúa hans á fundinn.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar óskaði formaður Heiðu Björgu Hilmisdóttur viðtakandi formanni til hamingju með kjörið og óskaði henni velfarnaðar í krefjandi hlutverki fyrir hönd sveitarfélaga landsins. Undir það tóku aðrir stjórnarmenn og starfsmenn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 912. fundar - 2201008SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 912. fundar stjórnar sambandsins frá 2022.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Fræðslumálanefnd - 2009079SA

Lögð fram fundargerð 141. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 1. júní 2022.

3. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lögð fram fundargerð 75. og 76. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 15. ágúst og 19. september 2022.

Vegna bókunar við 2. lið fundargerðar frá 19. september 2022 um málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar:

Stjórn sambandsins áréttar að aukin framleiðendaábyrgð er einn af lykilþáttum við innleiðingu hringrásarhagkerfis hér á landi. Mikilvægt er því að fyrirkomulag og fjármögnun í gegnum Úrvinnslusjóð eða með öðrum hætti sem ákveðin liggja fyrir sem fyrst. Stjórn bendir á að alger uppstokkun á fyrirkomulagi framleiðendaábyrgðar myndi taka langan tíma og teyja framgang hringrásarhagkerfis hér á landi.

Stjórn telur jafnframt að skýrsla Ríkisendurskoðunar um starfsemi Úrvinnslusjóð leiði í ljós að tækifæri eru til að auka gagnsæi og vinna að margháttaðum úrbótum í starfsemi sjóðsins. Mikilvægt er að unnið verði markvisst að þeim úrbótum, í góðri sátt við sveitarfélögin.

Vegna bókunar við 4. lið fundargerðar frá 19. september 2022 um meðhöndlun sláturúrgangs og dýrahæja.

Stjórn sambandsins telur afar brýnt að fundin verði ásættanleg lausn fyrir förgun dýraleifa þar sem áhersla verði lögð á öruggan farveg fyrir förgun áhættuvefja. Þrenging á heimildum urðunarstaða til urðunar sláturúrgangs getur kallað á fjárfestingar af hálfu sveitarfélaga og kallar stjórnin eftir aðkomu ríkisins að verkefninu, þar sem augljóslega reynir á skyldur ríkisins á grundvelli EES-samningsins.

Jón Björn Hákonarson kom inn á fundinn kl. 13:10.

4. Tekjustofnanefnd - 2104057SA

Lögð fram drög að skýrslu tekjustofnanefndar, dags. 1. september 2022.

Stjórnin óskar eftir sameiginlegum fundi fulltrúa sambandsins með forsætisráðherra, innviðaráðherra, félags- og vinnumarkaðsráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, til að ræða versnandi fjárhagsstöðu sveitarfélaga og nauðsynleg viðbrögð við henni. Styrkja þarf tekjustofna sveitarfélaga sem allra fyrst og leita jafnframt annarra lausna til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni þannig að þjónusta við íbúana verði sem best tryggð.

5. Varðar tillögu að stjórn sambandsins 2022-2026 - 2207023SA

Lögð fram bókun bæjarráðs Akureyrarbæjar og bæjarráðs Kópavogs frá 22. september 2022, varðandi tillögu að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026.

6. Tillaga um stofnun stýrihóps vegna áfengisgjalda til sveitarfélaga - 2209002SA

Lögð fram beiðni borgarráðs um umsögn sambandsins um tillögu borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um stofnun stýrihóps vegna áfengisgjalda til sveitarfélaga.

Stjórn sambandsins þakkar fyrir erindið og samþykkir að vísa því til stefnumótunarvinnu á landsþingi sambandsins.

7. Úttekt á stöðu brunamála á Íslandi - 2209036SA

Væntanleg er skýrsla frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um stöðu brunavarna á Íslandi. Til undirbúnings fyrir kynningu á skýrslunni hafa fulltrúar sambandsins fundað með HMS og innviðaráðuneyti og gerð samstarfsyfirlýsingar og mögulegrar aðgerðaáætlunar til úrbóta. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerir grein fyrir stöðu málsins.

8. Tilnefning í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks - 2209010SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 9. september 2022, þar sem Valgerður Jónsdóttir, sérfræðingur hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks.

9. **Framhaldsumsögn um drög að breytingu á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla - 2204001SA**

Lögð fram til kynningar framhaldsumsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 2. september 2022, um drög að breytingu á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla, mál nr. S-92/2022, ásamt fyrri umsögn.

10. **Ályktanir 67. Fjórðungspings Vestfirðinga - 2201003SA**

Lagðar fram til kynningar ályktanir ársþings 67. Fjórðungspings Vestfirðinga sem fram fór á Patreksfirði dagana 8.-10. september 2022.

Fyrir þennan fundarlið óskaði formaður eftir stuttu fundarhléi.

11. **Kjörnefnd - 2009414SA**

Rætt um tillögu að fulltrúum í kjörnefnd sambandsins sem kjósa þarf á landsþingi.

Stjórnin samþykkir að leggja til við landsþing að eftirtaldir skipi kjörnefnd sambandsins fyrir kjörtímabilið 2022-2026:

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar,

Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi,

Pálína Margeirsdóttir varabæjarfulltrúi í Fjarðabyggð,

Sabine Leskopf, borgarfulltrúi,

Ásgeir Sveinsson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og

Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ.

Í lok fundar þakkaði stjórnarfolk fyrir gott samstarf á seinustu fjórum árum sem hafa verið ansi krefjandi en um leið innihaldsrík og gefandi.

Aldís sem stýrði sínum síðasta stjórnarfundum sambandsins þakkaði fyrir mjög gott samstarf á kjörtímabilinu og óskaði stjórn og starfsfólki sambandsins farsældar í mikilvægum störfum sínum.

Aðrir fulltrúar í stjórn og starfsfólk þakkaði Aldísi fyrir gott samstarf og óskuðu henni velfarnaðar í framtíðinni ásamt því að henni var þakkað sérstaklega fyrir framlag sitt til hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin í landinu.

Fundi var slitið kl. 14:10

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Fundargerð 914. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, miðvikudaginn 12. október kl. 11:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Sigrún Sverrisdóttir, Lilja Björg Ágústsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Jón Björn Hákonarson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Guðmundur Ari Sigurjónsson boðaði forföll, varamaður hans Sigrún Sverrisdóttir mætti í hans stað. Rósa Guðbjartsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Hjördís Ýr Johnson mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Í byrjun fundar bauð formaður fulltrúa í stjórn velkomna, setti sinn fyrsta fund og bað alla fundarmenn um að kynna sig.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 913. fundar - 22010085A

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 913. fundar stjórnar sambandsins frá 28. september 2022.

Fundargerðin staðfest og undirrituð af þeim stjórnarmönnum sem sátu 913. fund stjórnar.

2. Kjör varaformanns stjórnar sambandsins - 2207023SA

Formaður lagði fram tillögu um Jón Björn Hákonarson sem varaformann stjórnar sambandsins árin 2022-2026. Einnig lagði Hildur Björnsdóttir til að Rósa Guðbjartsdóttir yrði kjörin varaformaður stjórnar og að kosið yrði milli þeirra með leynilegri kosningu.

Eftir umræðu fór fram leynileg kosning um tillögurnar. Í kosningunni fékk Jón Björn Hákonarson 6 atkvæði og Rósa Guðbjartsdóttir 5 atkvæði. Jón Björn Hákonarson er því rétt kjörinn varaformaður stjórnar sambandsins kjörtímabilið 2022-2026.

3. Upplýsingar fyrir nýkjörna stjórn sambandsins - 2207023SA

Lagðar fram til umfjöllunar upplýsingar fyrir nýkjörna stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga um starfshætti stjórnar á undanförunum árum. Samantektinni er ætlað að auðvelda nýrri stjórn að taka ákvarðanir um hvernig hún vill haga störfum sínum til lengri eða skemmri tíma á kjörtímabilinu.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málinu og svaraði spurningum stjórnarmanna.

4. **Dagatal stjórnar 2022-2023 - 2201008SA**
 Lögð fram drög að dagatali stjórnar sambandsins 2022-2023 með áætlun um dagsetningar stjórnarfunda.
Fundaáætlun stjórnar út árið 2022 og fyrir allt árið 2023 var samþykkt, ásamt tímasetningu landsþings sem verður haldið 31. mars 2023 og tímasetning fjármálaráðstefnu sambandsins sem verður haldin 21.-22. september 2023.
5. **Fundargerð XXXVII. landsþings sambandsins - 2009414SA**
 Lögð fram til kynningar fundargerð XXXVII. landsþings sambandsins sem haldið var í Hofi á Akureyri 28.-30. september 2022.
6. **Tillaga að fulltrúum í starfshóp um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins um málefni sveitarfélaga - 2208009SA**
 Lögð fram tillaga að fulltrúum í starfshóp um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins um málefni sveitarfélaga, dags. 10. október 2022.
Samþykkt að tilnefna Heiðu Björgu Hilmisdóttir formann stjórnar sambandsins og Jón Björn Hákonarson varaformann sambandsins. Jafnframt er óskað eftir því að sambandið fái einn auka fulltrúa í starfshópinn. Ef það verður samþykkt þá tilnefnir sambandið Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar einnig í starfshópinn. Að auki er samþykkt að Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins verði varamaður þeirra og áheyrnarfulltrúi í starfshópnum.
7. **Tillaga að fulltrúum sambandsins í stjórn Brúar - 2206036SA**
 Lögð fram tillaga að skipun í stjórn Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, dags. 10. október 2022, ásamt bréfi Brúar lífeyrissjóðs, dags. 20. júní 2022.
*Samþykkt að tilnefna Sigurð Ármann Snævarr, sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, Auði Kjartansdóttur, bæjarfulltrúa Snæfellsbæjar og Helgu Benediktsdóttur, skrifstofustjóra fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar, sem aðalfulltrúa í stjórn Brúar lífeyrissjóðs og til vara Helga Aðalsteinsson hagfræðing á kjarasviði sambandsins.
 Jafnframt var samþykkt að Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, verði fulltrúi þess í endurskoðunarnefnd sjóðsins.*
8. **Tillaga að fulltrúum í félagsþjónustunefnd sambandsins - 2210008SA**
 Lögð fram tillaga að fulltrúum í félagsþjónustunefnd sambandsins 2022-2026, dags. 10. október 2022.
Stjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í félagsþjónustunefnd sambandsins: Kjartan Magnússon, borgarfulltrúa, Svein Þór Elínbergsson, forstöðumann hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, Júlíu Sæmundsdóttur, félagsmálastjóra Múlaþings, Önnu Sigríði Guðnadóttur, bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ og Rannveigu Einarsdóttur, sviðsstjóra velferðarsviðs Hafnarfjarðarbæjar.

9. Tillaga að fulltrúum í fræðslumálanefnd sambandsins - 2210009SA

Lögð fram tillaga að fulltrúum í fræðslumálanefnd sambandsins 2022-2026, dags. 10. október 2022.

Stjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í fræðslunefnd sambandsins: Róslín Ölmú Valdemarsdóttir, formann fræðslu- og tómstundanefndar í Hornafirði, Helga Arnarson, sviðsstjóra Fræðslusviðs Reykjanesbæjar, Lilju Björgu Ágústsdóttur, bæjarfulltrúa í Borgarbyggð og stjórnarmann í sambandinu, Kristínu Jóhannesdóttur, sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar og Helga Grímsson, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

10. Tillaga að fulltrúum í kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA

Lögð fram tillaga að fulltrúum í kjaramálanefnd sambandsins 2022-2026, dags. 10. október 2022.

Stjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í kjaramálanefnd sambandsins: Höllu Margréti Tryggvadóttur, sviðsstjóra mannauðssviðs Akureyrarbæjar, Margréti Sanders, bæjarfulltrúa í Reykjanesbæ og stjórnarmann í sambandinu, Lóu Birnu Birgisdóttur, sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóra Fjarðabyggð og stjórnarmann í sambandinu, Baldur Inga Jónasson, mannauðsstjóri Ísafjarðarbæjar, Stefán Brodda Guðjónsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar og Ásdísi Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogsbæjar.

11. Tillaga að fulltrúum í skipulagsmálanefnd sambandsins - 2210012SA

Lögð fram tillaga að skipun skipulagsmálanefndar sambandsins 2022-2026, dags. 10. október 2022.

Stjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í skipulagsmálanefnd sambandsins: Höllu Björk Reynisdóttur, formann skipulagsmálaráðs Akureyrarbæjar, Svein Björnsson, byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Nanný Örnú Guðmundsdóttur, formann umhverfis- og framkvæmdanefndar Ísafjarðarbæjar og stjórnarmann í sambandinu, Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins og Einar Þorsteinsson, borgarfulltrúa og stjórnarmann í sambandinu.

12. Tillaga að fulltrúum í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA

Lögð fram tillaga að fulltrúum í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum 2022-2026, dags. 10. október 2022.

Stjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi aðila í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum:

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóra SORPU bs. Steinþór Þórðarson, framkvæmdastjóra Kölku sorpeyðingarstöð sf., Friðrik Klingbeil Gunnarsson, verkefnisstjóra á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, Hrefnu Bryndísi Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Sorpurðunar Vesturlands bs., Hildigunni Rut Jónsdóttur, forstöðumann umhverfis- og sorpdeildar Akureyrarbæjar og Stefán Aspar Stefánsson, verkefnisstjóra umhverfismála á Hornafirði.

Og til vara:

Ragnhildi Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Svæðisgarðsins á Snæfellsnesi, Grétar Inga Erlendsson, bæjarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfus, Guðmund Tryggva Ólafsson, rekstrarstjóra endurvinnslustöðva Sorpu bs., Dagný Hauksdóttir, umhverfis- og skipulagsfulltrúa Vestmannaeyjabæjar, Smára Jónas Lúðvíksson, verkefnisstjóra hjá SSNE og Írisi Dögg Aradóttur, verkefnisstjóra úrgangsmála hjá Fjarðabyggð.

13. Tilnefningar á nýjum fulltrúum í alþjóðlegt samstarf sambandsins - 2210016SA

Lagðar fram tillögur að tilnefningum á nýjum fulltrúum í evrópskt samstarf sambandsins eftir sveitarstjórnarkosningar 2022.

Í stefnumótandi nefnd CEMR (Evrópusamtök sveitarfélaga og héraða) til ársins 2025 voru tilnefnd Heiða Björg Hilmisdóttir, Margrét Sanders og Einar Þorsteinsson. Til vara voru tilnefnd Lilja Björg Ágústsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir og Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Til setu á sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins til ársins 2026 voru tilnefnd Hildur Björnsdóttir, Jón Björn Hákonarson og Walter Fannar Kristjánsson. Til vara voru tilnefnd Freyr Antonsson, Ásgerður K. Gylfadóttir og Heiða Björg Hilmisdóttir. Stjórn staðfesti einnig tilnefningu um að Heiða Björg Hilmisdóttir sé fulltrúi sambandsins í Heimsráði (World Council) Alþjóðasamtaka sveitarfélaga og borga.

Ákveðið var að fresta ákvörðun um tilnefningu í EES EFTA sveitarstjórnarvettvanginn til næsta fundar stjórnar.

14. Stefnunmörkun sambandsins 2022-2026 - 2203042SA

Tillaga að stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 lögð fram til áframhaldandi vinnslu.

Stjórnin samþykkir að fela framkvæmdastjóra að boða aðal- og varamenn í stjórn sambandsins á Teamsfund í nóvember nk. þar sem farið verður yfir fyrirbyggjandi gögn og stefnan undirbúin til endanlegrar afgreiðslu stjórnarinnar á fundi hennar 25. nóvember nk.

15. Skýrsla um stöðu slökkviliða á Íslandi - 2209036SA

Lögð fram til kynningar og umræðu skýrsla Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um stöðu slökkviliða á Íslandi. Jafnframt lagt fram minnisblað frá lögfræði- og velferðarsviði sambandsins um möguleg viðbrögð við skýrslunni.

Stjórn sambandsins hvetur sveitarstjórnir til að kynna sér niðurstöður í skýrslunni og beita sér tafarlaust fyrir nauðsynlegum úrbótum. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að leita eftir samstarfi við innviðaráðuneyti og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um gerð tímasettrar aðgerðaáætlunar til að stórefla brunaöryggi um allt land, þar sem horft verði til þess að slökkvilið verði viðbúin að mæta þeim áskorunum sem við má búast í nánustu framtíð. Áhersla er lögð á að aðgerðir verði kostnaðarmetnar og fjármagnaðar og telur stjórnin mikilvægt að tekjur ríkissjóðs af byggingaröryggisgjaldi, sbr. 50. gr. mannvirkjalaga, renni til verkefna í framkvæmdaáætlun.

16. Samstarfsyfirlýsing um fagháskólanám í leikskólafræðum um land allt - 2209001SA

Lögð fram til kynningar samstarfsyfirlýsing, dags. 6. október 2022, milli háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, mennta- og barnamálaráðherra, félags- og vinnumarkaðsráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands um fagháskólanám í leikskólafræðum um land allt.

17. Mannauðsstefna sambandsins - 2009443SA

Lögð fram til kynningar Mannauðsstefna sambandsins sem samþykkt var í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 23. mars 2018.

18. Stefna og viðbragðsáætlun - 2210003SA

Lögð fram til kynningar stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni, dags. í ágúst 2016.

19. Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um menningarminjar - aldursfriðun mannvirkja - 2208004SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 6. október 2022, um frumvarp um breytingu á lögum um menningarminjar (aldursfriðun mannvirkja), mál nr. S-171/2022.

Fundi var slitið kl. 13:10



Aðalfundarboð

Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi (LLÍ) verður haldinn á Hilton Nordica, Suðurlandsbraut 2, fundarsalur F+G (á annarri hæð), föstudaginn 4. nóvember n.k. og hefst klukkan 13:30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Breytingar á samþykktum um einföldun á boðun aðalfundar.
3. Önnur mál.
 - A. Þrengt að rétti landeigenda,
Magnús Óskarsson hrl. gerir grein fyrir breytingum sem gerðar hafa verið á lögum um jarðir og fasteignir undanfarin ár.
 - B. Almennar umræður, meðal annars um: Virkjanir, vindmyllur, ferðaþjónustu og ný áform um þjóðgarða.

F.h. stjórnar LLÍ
Óskar Magnússon